

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 2 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

Gildir frá 1. sept. 1978.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1. Orka til almennrar lýsingar kr. 45.00 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1. Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 19.80 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1. Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 45.00 á kWst.

3.2. Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kW kr. 6.90 á kWst. Aflgjald með lýsingu kr. 28.43 á kWst.

3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 22/10 hverja kWst.

Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 14/70 hverja kWst.

Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 13/60 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1. Orka til húshitunar, roftími 2×1.5 klst. á dag kr. 5.85 á kWst.

4.2. Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2×1.5 klst. á dag kr. 7.80 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
- c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald kr./m
63 A 3ja fasa jarðstrengur	94 200.00	5 075.00
100 A 3ja fasa jarðstrengur	118 000.00	5 700.00
125 A 3ja fasa jarðstrengur	145 000.00	6 400.00
200 A 3ja fasa jarðstrengur	230 000.00	8 690.00
300 A 3ja fasa jarðstrengur	330 000.00	10 250.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðamörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 1 450.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 450.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur og verðjöfnunargjald, samtals 33% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 370 27. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.